

Jafnréttisáætlun Grunnskólans á Stöðvarfirði

Inngangur

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2000 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Tilgangurinn með lögnum er fyrst og fremst sá að þannig sé best tryggt að hæfileikar og færni allra fái notið sín. Til þess að áætlunin þjóni tilgangi sínum þarf að setja fram mælanleg og tímasett markmið og aðgerðaplan.

Starfsmenn Grunnskólans á Stöðvarfirði eru færri en 25 en mælst var til þess frá fræðsluyfirvöldum að skólinn setti sér jafnréttisáætlun.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og í Aðalnámsskrá grunnskóla er víða fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Þar er áherslan á að bæði kynin hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu og atvinnulífi. Markmið námsins og kennslunnar og starfshættir skólans skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun m.a. vegna uppruna, kyns, kynhneigðar og trúarbragða.

Jafnréttisáætlun Fjarðabyggðar tekur á jafnrétti fyrir alla og í allri starfsemi bæjarfélagsins skal taka mið af jafnréttisáætluninni. Í málefnum æskulýðsins segir: *Stuðla skal að jöfnum tækifærum drengja og stúlkna til náms og tómsunda á öllum skólastigum.*

Einnig að:

- Sjálfsstyrking skuli vera hluti af námi á öllum skólastigum til að efla jákvæð samskipti nemenda.
- Námsferni mismuni ekki nemendum eftir kyni eða uppruna.
- Í Fjarðabyggð verði lögð áhersla á aðgengi að fjölbreyttu framhaldsnámi sem henti báðum kynjum.

Grunnskólinn á Stöðvarfirði er fjölmenningslegur, án aðgreiningar og leggur áherslu á sjálfsagðan breytileika fólks, virðingu og vellíðan allra nemenda og starfsmanna og fjölbreytta kennsluhætti. Lögð er áhersla á mikilvægi einstaklingsins og það sem fólk á sameiginlegt frekar en það sem aðgreinir.

Grunnskólinn á Stöðvarfirði stefnir að því, í samvinnu við forráðamenn nemenda, að byggja upp sjálfstæða og heilsteypta einstaklinga sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu.

- Í stefnu skólans segir: „*Að nemendur læri að sýna hver öðrum tillitssemi, virðingu og umburðarlyndi óháð þjóðerni eða litarhætti.*“

Skólinn vinnur eftir Olweus, aðgerðaráætlun gegn einelti.

Markmið:

Jafnréttisáætlun Grunnskólans á Stöðvarfirði tekur til annars vegar nemenda og hins vegar starfsmanna. Helsti áherslupátturinn í skólastarfi er að nemendur, kennarar og annað starfsfólk nái hámarksárangri og skólastarfið miði að því að styrkja og efla hvern og einn til framfara og þroska.

Hver einstaklingur er metinn á eigin forsendum án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Nemendur og kennsla

- Lögð er áhersla á að nemendur læri að þekkja og tjá eigin tilfinningar. Og jafnframt lögð áhersla á að þeir virði tilfinningar annarra óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun.
- Kennsluaðferðir eða námsgögn mega á engan hátt mismuna nemendum enda eiga allir nemendur jafnan rétt til náms.
- Öll vinna skal vera í anda jafnréttis þar sem lögð er sérstök áhersla á að nemendur rækti með sér samkennd, samhyggð og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra. Nemendur eiga að hafa jafnrétti að leiðarljósi í öllum samskiptum.
- Kennarar þurfa að beita fjölbreyttum kennsluháttum þannig að nemendur fái kennslu við hæfi og ólík reynsla og gildismat fái notið sín.
- Kennslu og námsgögn skulu vera þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Kennarar þurfa að skoða og meta námsefni/kennslugögn út frá jafnréttissjónarmiði. Allar námsgreinar tengjast beint eða óbeint jafnrétti. Sérstaklega er nauðsynlegt að huga að þeim greinum sem tengjast öðru kyninu fremur en hinu sbr. starfsval síðar á lífsleiðinni.
- Mikilvægt er að kynna bæði stúlkum og piltum möguleika á framhaldsmenntun og störfum sem litið hefur verið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf. En jafnframt að hvetja nemendur til að prófa það sem hentar hverjum og einum burtséð frá kyni, t.d. að fá atvinnukynningar í skólann, þar sem fólk af vinnumarkaðnum héldi stuttar kynningar á störfum sínum og áhugsviðsgreiningu sem nemendur tækju í 9. bekk.
- Kynferðisleg áreitni og einelti verða ekki liðin í skólanum. Meðferð slíkra mála verða sett í ákveðinn farveg sbr. eineltis- og áfallaáætlun skólans.
- Rík áhersla verði lögð á gagnkvæma og trausta samvinnu við heimili og ýmis félagasamtök í byggðarlaginu t.d. íþróttafélagið, félagsmiðstöðina og kirkjuna.
- Í upphafi skólaárs, að hausti eru haldnir kynningarfundir í skólanum fyrir forráðamenn nemenda. Þar er skólastarfið kynnt og það skipulag sem unnið er eftir m.a. sá hluti jafnréttisáætlunar skólans sem snýr að nemendum.

Starfsmenn:

- Að starfsauglýsingar séu í anda jafnréttis laga.
- Að konur og karlar njóti sömu launakjara og hafi jafna möguleika á launuðum aukastörfum innan skólans.
- Að starfsfólki séu tryggðir möguleikar til endurmenntunar og starfsþróunar óháð kyni og við úthlutun verkefna sé þess gætt að kynjum sé ekki mismunað.
- Að skólinn geri starfsfólki sínu kleift að samræma störf sín og skyldur gagnvart fjölskyldum með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða öðru fyrirkomulagi eftir því sem við verður komið.
- Starfsmannaviðtöl séu notuð til að kanna líðan og skoðanir starfsmanna m.t.t. jafnréttis.
- Umræðu um jafnréttisáætlunina, bæði það sem snýr að starfsmönnum og nemendum, skuli taka upp árlega á starfsmannafundum.

Framkvæmd:

Skólaárið 2010-2011

Aðgerð	Ábyrgð	Árangursmat
Að kennarar fái fræðslu um jafnréttismál og eða afli sér upplýsinga af netinu. T.d. www.menntagatt.is og www.jafnretti.is Að kennarar meti námsgögn út frá jafnréttissjónarmiði.	Skólastjóri /umsjónarkennarar Umsjónarkennarar	Tveir til þrír fundir á vetri til að meta árangur.

Skólaárið 2011-2012

Aðgerð	Ábyrgð	Árangursmat
--------	--------	-------------

Lífsleikni: Bókin Friðrik og Rósa á yngsta stigi Markviss jafnréttisfræðsla fléttuð inn í lífsleiknikennslu á miðstigi og elsta stigi	Umsjónarkennari Fagkennarar	Mat á líðan og samskiptum barnanna
---	------------------------------------	------------------------------------

Skólaárið 2012-2013

Aðgerð	Ábyrgð	Árangursmat
Jafnréttisvika/þemavika Unnið með ýmsa miðla: -fjölmiðlar -sjónvarp -blöð -ævintýri -hlutverk innan og utan heimilis -starfsval	Skólastjóri/ umsjónarkennarar og kennarar	Sú vinna sem liggur eftir þemavíkuna. Kynning frá hverju stigi fyrir allan skólann og foreldra í máli og myndum Mat á hegðun og líðan

Jafnréttisáætlun Grunnskólans á Stöðvarfirði tekur gildi við upphaf skólaárs 2010-2011. Hún stendur til þriggja ára og skólastjóri sér til þess að henni sé fylgt eftir.